

1989 nr. 89 31. maí**Lög um launavísitölu**

Tóku gildi 26. júní 1989.

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Hagstofa Íslands skal reikna og birta mánaðarlega sérstaka launavísitölu eins og nánar er mælt fyrir um í lögum þessum. Launavísitala skal miðuð við meðaltal hvers mánaðar og birt eftir miðjan næsta mánuð. Vísitalan skal sett 100 stig í desember 1988 miðað við laun í nóvember 1988.

■ **2. gr.** Launavísitala samkvæmt lögum þessum skal sýna svo sem unnt er breytingar heildarlauna allra launþega fyrir fastan vinnutíma. Er þá átt við breytingar greiddra launa fyr-

ir dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu að meðtöldum starfs- eða launatengdum álögum og kaupaukum.

■ **3. gr.** Við mat á launabreytingum skal Hagstofan afla þeirra gagna og skýrslna sem hún telur nauðsynlegar og jafnframt gera eigin kjararannsóknir eftir því sem nánar kann að verða ákveðið. Við gagnaöflun og mat á launabreytingum skal Hagstofan hafa samráð við kjararannsóknarnefndir, hagdeildir og aðra þá aðila á vegum samtaka á vinnumarkaðnum sem fást við kjararannsóknir og mat á launabreytingum. Opinberar stofnanir, sem vinna að launa- og tekjuskýrslum, skulu láta Hagstofunni í té allar þær upplýsingar sem þær geta miðlað í þessum efnum.

■ **4. gr.** Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

■ **5. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.